

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 143/1128
komudagur 20.2.2014

Reykjavík, 20. febrúar 2014

Umsögn um frumvarp til laga um greiðslur yfir landamæri í evrum, 238. mál

Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja, SSF, hafa fengið spurnir af því að í þinginu sé til meðferðar ofangreint lagafrumvarp.

SSF gerir alvarlegar athugasemdir við ákvæði 4. greinar frumvarpsins þar sem lagðar eru til harðar refsingar á starfsmenn greiðsluþjónustuveitandans, í flestum tilfellum félagsmenn SSF, og þar gert ráð fyrir sektargreiðslum á bilinu frá kr. 10 þúsund til kr. 20 millónir hvort heldur brot starfsmannsins er framið af ásetningi eða gáleysi. Er í frumvarpinu m.a. tekið sem dæmi gleymaska að tilkynna viðskiptamanni um bankareikningsnúmer eða auðkenniskóða.

SSF vísar til þess að jafnvel þó í öðrum lögum megi finna refsíákvæði gagnvart brotum starfsmanna á þeim, þá er þar um að ræða mun alvarlegri brot en geta átt sér stað samkvæmt efni þessa frumvarps.

Af hálfu SSF er lögð þung áhersla á að refsíákvæðið í 4. gr. frumvarpsins varðandi starfsmenn greiðsluþjónustuveitandans verði fellt út úr frumvarpinu a.m.k. þegar um gáleysi er að ræða.

Virðingarfyllst,



Friðbert Traustason framkvstj.